



Reykjavíkurborg  
Skóla- og frístundasvið



Sæborg

2023 – 2024



### Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

# 1 Innihald

2	Greinargerð leikskólastjóra .....	3
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023 .....	5
4	Innra mat deilda .....	10
4.1	Garðar.....	10
4.2	Lambhóll .....	12
4.3	Suðurhlíð .....	14
4.4	Brúarendi.....	16
4.5	Listasmiðja.....	18
5	Innra mat sérkennslu.....	22
6	Innra mat – fjöltýngd börn .....	24
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	25
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	26
8	Foreldrasamvinna.....	26
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	26
10	Fylgigögn.....	27
10.1	Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs .....	27
10.2	Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal .....	29
10.3	Fylgiskjal 3 -Foreldrakönnun SFS -helstu niðurstöður.....	30
10.4	Fylgiskjal 4 -Starfsmannakönnun -helstu niðurstöður.....	31
10.5	Fylgiskjal 5 -Rýnihópur barna um flæði -helstu niðurstöður.....	32

## Leiðarljós leikskólans

Í öllu starfinu er litið á barnið sem sterkan og skapandi einstakling sem hefur mikið fram að færa.

## 2 Greinargerð leikskólastjóra

Undirrituð tók við starfi leikskólastjóra í Sæborg í ágúst 2022, hafði áður verið aðstoðarskólastjóri þar frá janúar 2020.

Ákvörðun um að sækja um stöðuna var tekin með skömmum fyrirvara og ég kom ekki til baka úr löngu ákveðnu sumarleyfi fyrr en 18. ágúst, rúmum tveimur vikum eftir að skólinn opnaði eftir sumarfrí. Ég fékk alveg sérlega góðar móttökur frá samstarfsfólki mínu, sem var ánægjulegt. Ásta Kristín Svavarsdóttir fyrrverandi leikskólastjóri var þá farin til annarra starfa, en Anna Gréta Guðmundsdóttir listasmiðjustjóri tók að sér að halda utan um leikskólann meðan ég var í fríi.

Framan af leit frekar vel út með mönnun skólans þetta haustið, en oft geta veður skipast fljótt í lofti á þessum vettvangi. Til að mynda hætti einn starfsmaður eftir fyrstu vikuna í starfi, annar fór í veikindaleyfi og einum var sagt upp á reynslutíma. Erfiðlega hefur gengið að fá hæft fólk til sérkennslu. Ráðningar gengu þannig upp og ofan en þegar þetta er skrifað í júní 2023 erum við með góðan og fjölbreyttan starfsmannahóp í Sæborg, þó vissulega skorti okkur leikskólakennara. Fyrstu auglýsingar eftir aðstoðarleikskólastjóra báru ekki árangur, en Inga Jóna Hilmisdóttir tók síðan við stöðunni í febrúar. Sæborg var því án aðstoðarskólastjóra í rúmlega hálfu ári og fann leikskólastjóri vel fyrir því hvað sú staða er mikilvæg. Anna Gréta Guðmundsdóttir, núverandi Listasmiðjustjóri, mun láta af störfum í Sæborg eftir 17 ára starf. Hennar verður sárt saknað hér í Sæborg, en henni er hér með óskað velgengni í nýju starfi.

Almennt gekk starfið vel í Sæborg þetta skólaárið. Þó var óvenju mikið um veikindi hjá starfsfólki eins og í þjóðfélaginu reyndar og var talað um að ef til vill væri afleiðingum Covid um að kenna. Þetta olli því, að nokkrum sinnum reyndist nauðsynlegt að senda börn heim öryggisins vegna. Þegar svo var, voru foreldrar beðnir um að sækja kl. 12 og voru börnin þá búin að borða hádegismat. Deildir rúlluðu alltaf í sömu röð og eldri systkini fylgdu þeim yngri, svo að þetta kom ekki verr niður á foreldrum sem eiga fleiri en eitt barn í leikskólanum. Þrjár deildir fóru heim um hádegi þrisvar sinnum yfir skólaárið og ein tvisvar. Í innleiðingu Menntastefnunnar lögðum við áherslu á sjálfsefningu. Einnig héldum við áfram að þróa skapandi starfið okkar, sem er aðalsmerki Sæborgar.

Við fengum marga góða gesti á skólaárinu, bæði íslenska og erlenda nemenda- og kennarahópa sem komu og kynntu sér starfið í Sæborg; aðallega skapandi starf, flæði í leik og matarflæði. Það er alltaf gaman að hitta kollega, umræðuefnin eru næg og gaman er að starfið okkar vekir athygli og sé eftirtektarvert að skoða.

Einnig var ánægjulegt að fá foreldra meira inn í skólann; við héldum m.a. kynningarfundum fyrir foreldra í október, fengum þau í heimsókn í skapandi jólastund í desember og í fjölskyldukaffi í febrúar.

Við fengum tækifæri til að taka þátt í mjög skemmtilegu verkefni í vetur. Haft var samband við mig frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og þess farið á leit hvort börn í Sæborg gætu tekið að sér að vinna verkefni um frú Vigdís Finnbogadóttur, í tilefni af degi íslenskrar tungu. Það var auðvitað auðsótt. Elsti hópur leikskólans sem taldi 8 börn, fór í verkefnið með listasmiðjustjóranum, Önnu Grétu Guðmundsdóttur. Úr varð skemmtileg bók sem börnin afhentu Vigdís í Veröld (hús Vigdísar) við athöfn í nóvember. Bókinni er ætlaður staður í Veröld í framtíðinni.

Ég lýk fyrsta skólaári mínu sem leikskólastjóri, þakklát mínu góða samstarfsfólki, börnum og foreldrum í Sæborg fyrir gott samstarf í vetur.

Hafdís Svansdóttir, leikskólastjóri

### 3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

#### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Sýnileiki stjórnenda</b>	Foreldrakannanir	Foreldrar	Sjá skrif hér að neðan um foreldrakönnun Sæborgar
<b>Flæði</b>	Rýnihópar barna Umræður á starfsmanna- og deildarstjórafundum	Börn og starfsfólk	Sjá fylgiskjal 5
<b>Skráningar</b>	Umræður á deildarfundum	Allir starfsmenn í leikskólanum.	Ekki náðist nægilega vel að virkja fleira starfsfólk til að gera skráningar. Við þurfum að endurskoða hvernig við virkjum starfsfólk betur.
<b>Leikur</b>	Umræður matsnefndar og deildarstjóra. Einnig umræður á starfsmannafundum	Allir starfsmenn í leikskólanum.	Í umbótaáætlun settum við okkur það markmið að gefa leiknum meira rými og meiri tíma. Samhljóma álit þeirra sem tóku þátt í umræðum um þennan þátt er að okkur hefur tekist vel til. Við reynum að slíta daginn sem allra minnst í sundur og erum lítið sem ekkert með skipulagðar stundir.
<b>Teymisvinna/ Lærdómssamfélag</b>	Umræður á deildarstjórafundum	Fulltrúar í teyllum	Í Sæborg hafa verið 4 teymi í vetur: Sérkennslu-, mats-, fjölmennings- og málörvunarteymi. Þau hafa verið mis virk, en ætlunin er að halda þessari vinnu áfram.
<b>Matsteymi</b>	Á deildarstjórafundum og fundum matsteymisins	Stjórnendur og matsteymi	Matsteymið fundaði nokkrum sinnum í vetur og sendi út könnun til foreldra. Við verðum áfram með matsteymi og ætlum að freista þess að virkja foreldra meira.

## Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorf foreldra til Sæborgar	Könnun til foreldra	Foreldrar barna í Sæborg	Foreldrar fengu 2 kannanir til að svara þetta árið, bæði á vegum Reykjavíkurborgar og matsteymis Sæborgar.  Sjá skrif hér að neðan og fylgiskjal 3
Viðhorf starfsfólks til Sæborgar	Könnun til starfsmanna	Starfsfólk í Sæborg	Sjá fylgiskjal 4

## Foreldrakönnun á vegum Sæborgar

Samkvæmt umbótaáætlun leikskólans 2022-2023 var eitt af markmiðum okkar í Sæborg að auka sýnileika leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra og var ákveðið að mæla árangur þess með foreldrakönnun sem matsteymi myndi sjá um. Fulltrúar í foreldraráði mæltu með því í umsögn sinni um starfsáætlun leikskólans 2022-2023 að nýta þá foreldrakönnun til þess að kanna viðhorf foreldra varðandi fleiri þætti leikskólastarfsins og fá fram hugmyndir þeirra um hvað betur mætti fara. Starfsmenn í matsteyminu buðu foreldrum að sjá um foreldrakönnunina en lendingin varð sú að matsnefndin sá um að semja spurningar fyrir könnunina og senda hana út til foreldra en foreldraráð fékk tækifæri til þess að koma með athugasemdir áður en könnunin var send út.

Við ákváðum að bjóða báðum foreldrum hvers barns að fylla út könnunina, þ.e. bæði móður og föður, þar sem upplifun þeirra getur verið ólík. Við gáfum einnig stjúeforeldrum tækifæri til þess að svara könnuninni. Við sendum könnunina út á bæði íslensku og ensku til þess að fá sjónarhorn erlendra foreldra í leikskólanum.

Alls bárust svör frá 79 foreldrum en fleiri mæður reyndust svara en feður. Hér á eftir verður stuttlega sagt frá helstu niðurstöðum en neðst í skjalinu eru tenglar þar sem hægt er að sjá heildarniðurstöður könnunarinnar.

Stór meirihluti foreldra var ánægður eða mjög ánægður með **aðlögun** barnsins en tveimur foreldrum fannst að það hefði mátt standa betur að henni. Ástæðan fyrir óánægjunni var að hluta til vegna Covid-19 og manneklu. Foreldrar voru almennt sáttir við hvernig **tekið var á móti barni** á morgnanna

en við lesum þó út úr niðurstöðunum að það má greinilega efla öryggi allra starfsmanna þegar kemur að þessum mikilvæga þætti leikskólastarfsins.

Að jafnaði voru foreldrar sáttir með **samskipti við starfsmenn deilda** sem og **tölvu- og myndapósta** frá deildarstjórum. Það komu þó ábendingar um að hafa myndapósta alltaf í Sway en reyndar nota flestir deildarstjórnarnir það forrit til þess að deila myndum. **Sýnileiki stjórnenda** hefur aukist samkvæmt niðurstöðum í könnuninni en þó er tækifæri til þess að bæta það aðeins að mati nokkurra foreldra.

Það gleður okkur mikið að langflestir foreldrar telja **barn sitt öruggt** í leikskólanum en markmið okkar er þó að allir foreldrar upplifi þá öryggistilfinningu. Foreldrar virðast að mestu leyti **treysta starfsfólki leikskólans** en þó kom í ljós að foreldrar treysta ekki öllum jafnmikið. Við þurfum að skoða þennan þátt betur og reyna að efla traust foreldra á öllu starfsfólki leikskólans sem og sjálftraust starfsmanna.

Varðandi spurningu um ánægju foreldra með **faglegt starf** í leikskólanum, t.d. leik, útiveru, málörvun, sögulestur og fín- og gróðhreyfingar, var almenn ánægja en þó kom í ljós að foreldrar hefðu ekki fengið nógu góða innsýn í hvernig við værum að gera í þessum þáttum skil innan leikskólastarfsins. Þarna er greinilegt tækifæri fyrir okkur að efla okkur í að deila því sem börnin taka sér fyrir hendur og hvaða þroskaþætti það eflir. Deildarstjórar hafa nú þegar reynt að bregðast við þessum ábendingum og gera þessum þroskaþáttum skil í myndapóstum. Mikil ánægja var með þau **skapandi verkefni** sem börnin vinna í leikskólanum en það gleður okkur mikið enda er skapandi starf sérstaða okkar.

Foreldrar barna sem njóta **sérkennslu** voru almennt ánægðir með þá þjónustu en eitt foreldri benti á að sumir af þeim sem sinna sérkennslu inni á deildum skorti menntun á því sviði.

Loks var spurt um viðhorf foreldra til **svæða, deilda og umgengni**. Þá kom í ljós að margir foreldrar eru sammála okkur í leikskólanum að rými inni á deildum mætti vera meira. Eins komu athugasemdir um gólfkulda, þungt loft, drusluleg rými og að gera mætti garð yngstu barnanna meira spennandi með nýjum leiktækjum. Varðandi gólfkulda þá bíðum við spennt eftir hita í öll gólf en þangað til munum við fjölga mottum. Allt starfsfólk mun taka sig í á tiltekt en almennt finnst innlendum og erlendum gestum leikskólinn okkar fallegur. Þar til að litli garðurinn verður tekinn í gegn munum við reyna að auka fjölbreytni með ýmsum leiðum án mikils kostnaðar eða framkvæmda.

Niðurstöður könnunarinnar á **íslensku** má sjá hér:

[https://www.surveymonkey.com/results/SM-FJPZoOqZgDD\\_2FOgMKOprxw\\_3D\\_3D/](https://www.surveymonkey.com/results/SM-FJPZoOqZgDD_2FOgMKOprxw_3D_3D/)

Niðurstöður könnunarinnar á **ensku** má sjá hér:

[https://www.surveymonkey.com/results/SM-GreJCdzRXa7\\_2FrpEuH26n1w\\_3D\\_3D/](https://www.surveymonkey.com/results/SM-GreJCdzRXa7_2FrpEuH26n1w_3D_3D/)

## Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
<b>Upplýsingar til foreldra</b>	Að upplýsa foreldra betur um stefnu og starf leikskólans	Að setja meiri fróðleik um stefnu og starf leikskólans í tölvupósta.  Kynna stefnuna á foreldrafundum.	Deildarstjórar Leikskóla-stjórar	Ágúst 2023	Feb. 2024	Foreldrakönnun	Aukin þekking foreldra á stefnu skólans.
<b>Móttaka barna</b>	Að allir foreldrar upplifi góðar móttökur.	Umræður og fræðsla til starfsfólks	Stjórnendur	Ágúst 2023	Feb. 2024	Foreldrakönnun	Að allir foreldrar upplifi öryggi þegar barn er kvatt.
<b>Uppeldis- og menntastarf</b>							
<b>Matarflæði</b>	Að efla börnin í sjálfshjálpi og borðsiðum.	Frekari yfirsýn starfsfólks, sem þarf að vera meðvitað um að börnin hafi viðeigandi áhöld og leiðbeinir um hæfilegar skammtastærðir	Allt starfsfólk	Ágúst 2023	Feb. 2024	Rýnihópar barna.  Umræðumat á deildar- og starfsmannafundum.	Minni matarsóun, aukin sjálfshjálpi
<b>Flæði</b>	Að tengja enn frekar fleiri þætti leikskólastarfsins við flæðið.	Auka enn frekar áhrif barnanna á flæðið og þekkingu starfsfólks á flæðishugtakinu.	Allt starfsfólk	Ágúst 2023	Maí 2024	Rýnihópar barna Umræðumat á deildar- og starfsmannafundum.	Aukin þekking starfsfólks á flæði. Aukin áhrif bana á viðfangsefni.
<b>Leikur</b>	Halda áfram að gefa leik barna tíma og rými	Að efla þekkingu starfsfólks á leik sem aðal námsleið barna með umræðum fræðslu frá fagfólki.	Allt starfsfólk	Ágúst 2023	Maí 2024	Umræðuhópar barna. Umræður á deildar- og starfsmannafundum	Að dýpka leikinn. Að hlutverk starfsfólks sé skýrt.
<b>Mannauður/ Leikskólabragur</b>							
<b>Teymisvinna</b>	Að auka enn frekar teymisvinnu til að auka þekkingu í starfsmannahópnum. Að virkja teymin betur.	Aukin þekking á samþættingu námsþátta inn í daglegt starf. Málörvunarteymi virkjað enn frekar.	Stjórnendur, starfsfólk teymanna.	Ágúst 2024	Maí 2024	Skrifleg greinargerð frá teyminum.	Virkt lærdóms-samfélag innan leikskólans til eflingar faglegu starfi.



Innra mat							
<b>Matsteymi</b>	Halda áfram að efla innra mat	Fundargerðir matsteymis. Óska eftir hugmyndum frá foreldrum um þátt í starfinu til að meta. Þjóða foreldrum að sitja í matsteymi. Auka enn þátttöku barna í innra mati.	Stjórnendur og Matsteymi	Sept. 2023	Apríl 2024	Umræðumat	Markvissara innra mat og aukin þátttaka foreldra og barna.

## 4 Innra mat deilda

### 4.1 Garðar

Við upphaf skólaársins 2022-2023 hófu átta börn aðlögun, sjö drengir og ein stúlka, en fyrir var eitt barn á deildinni. Á fyrstu vikum haustsins urðu óvæntar breytingar í starfsmannahópnum á deildinni þar sem nýráðinn deildarstjóri lét af störfum. Í hans stað var ráðinn nýr deildarstjóri, sem þá var í 80% starfi meðfram námi í leikskólafræðum við en fór síðar í fulla stöðu.

Eftir áramót bættist ný stúlka við barnahópinn og í mars fluttust tveir drengir af deildinni upp á deildina fyrir ofan og stuttu eftir það bættist önnur stúlka við. Enn bættist í hópinn þegar tvær stúlkur byrjuðu á deildinni í júní og eru nú þegar þetta er skrifað 11 börn á deildinni.

Veðurguðirnir voru okkur ekki hagstæðir framan af vetri og var ekki hægt að stunda eins mikla útiveru og vonir stóðu til.

Áhersla á sjálfsprottinn leik barnanna sem þeirra námsleið var mikil og opinn efniviður nýttur í bland við ýmis leikföng. Börnin hafa sýnt mikinn áhuga á kubbum, bílum og lestum. Segul- og byggingarkubbar voru notaðir í að byggja bílskúra og hús fyrir dýrin. Börnin æfðu fínhreyfingar með því að þræða perlur og fundinn efnivið á vír.

Í útileiknum voru börnin hvött að efla sjálfstæði sitt með því að skoða umhverfið í kring með öllum skynfærum; finna lykt, sjá og snerta efniviðinn úti við og fylgjast með hvernig umhverfið breyttist með árstíðunum, hvernig snjórinn bráðnaði og breyttist í vatn þegar hlýna tók og blómin sprungu út á vorin.

Lögð voru drög að sjálfseflingu barnanna með því að hvetja þau að klæða sig sjálf í og úr skóm og yfirhöfnum og eins að t.d. ganga frá skóm þegar þau komu inn. Verður lögð enn meiri áhersla á það í markmiðum næsta vetrar.

Í umbótaáætlun síðasta árs var talað um að auka tíðni vettvangsferða. Því miður tókst ekki að framfylgja því markmiði.

Barnahópurinn var ungur þetta árið og mörg hver ekki búin að ná fullri færni í að ganga þegar þau byrjuðu á deildinni, því var ekki lögð mikil áhersla á vettvangsferðir fyrst um sinn. Einn af umbótaþáttunum var málörvun og læsi og því mikil áhersla lögð á að setja orð á allar daglegar athafnir, syngja, lesa bækur auk þess að hvetja til samræðna við börnin í daglegu starfi og í samverustundum.

Unnum við mikið með listsköpun og enn meira þegar veðrið var sem verst og nýttum við mismunandi þemu og efnivið. Börnunum fannst það mjög gaman og tóku þátt í gleðinni við að skapa með miklum áhuga.

Börnin eru mjög samheldinn sem hópur og höfum við haft einstaklega gaman að því að fylgjast með þeim vaxa og dafna. Hafa þau unað sér vel hér á deildinni og er mín ósk að það sama verði næsta vetur. Þau hafa kynnst hvert öðru vel og orðið vinir í gegnum leikinn og starfið. Barnahópurinn samanstendur af fjölbreyttum og sterkum persónum sem gaman verður að fylgja með yfir á Lambhól.

### Umbótaáætlun fyrir Garða 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Sjálfsþing</b>	Að ýta undir sjálfshjálp barnanna í fataherberginu.	Gefum okkur rýmri tíma í fataherberginu og hvetjum börnin til að gera sjálf. Einnig að vera með fót sem hluta af leikfni barnanna inn á deild.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Okt. 2023	Maí 2024	Metið á deildarfundum	Að þau eflist og verði fær um að klæða sig að einhverju leyti sjálf úr og í útifót sem og að ganga frá í hólfíð sitt.
<b>Sjálfsþing</b>	Að styðja við sjálfshjálp barnanna í matartímum	Hvetja börnin til að ganga frá sjálf eftir sig í matartímum.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Okt. 2023	Maí 2024	Metið á deildarfundum	Auka getu þeirra til að gera sjálf.
<b>Vettvangsferðir</b>	Fara í fleiri vettvangsferðir	Grípa tækifærin þegar vel stendur og fara í stuttar vettvangsferðir.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Okt. 2023	Maí 2024	Metið á deildarfundum	Gaman að fara út fyrir lóðina og börnin venjast því að fylgja fyrirmælum og fara í styttri gönguferðir um hverfið og kynnst því sem það hefur að bjóða.
<b>Læsi og málörvun</b>	Að efla læsi, málörvun og málsskilning barnanna.	Nýta samverustundirnar vel, s.s. syngja, lesa og leggja áherslu á orðaforða og málsskilning.	Deildarstjóri og annað starfsfólk deildarinnar	Okt. 2023	Maí 2024	Metið á deildarfundum	Bættur orðaforði, aukinn málsskilningur. Börnin verða öruggari í samskiptum sín á milli.

## 4.2 Lambhóll

Haustið byrjaði á aðlögun en öll börn deildarinnar nema eitt voru börn sem voru að byrja í leikskólanum en aðeins eitt barn færðist yfir frá yngstu deild yfir á Lambhól. Fyrstu börnin byrjuðu í aðlögun í lok ágúst og það síðasta bættist við hópinn um miðjan október. Þá voru börnin alls 13 á deildinni, 9 stelpur og 4 strákar. Um vorið 2023 færðust 2 elstu strákarnir af yngstu deildinni yfir á Lambhól og voru börnin þá alls 15. Deildin var mjög ung í vetur og aðal áherslan lögð á leik og samskipti milli barna bæði almennt og í leik. Dagskipulagið var nokkuð flæðandi en þó með ákveðnum ramma, s.s. alltaf samverustundir á morgnana þar sem var ýmist sungið eða lesin loðtöflusaga fyrir hópinn. Vegna ungs aldurs barnanna fóru öll börnin inn í hvíld framan af vetri og því héldum við okkur við það að allur hópurinn færi út í einu í stað þess að tvískipta hópnum. Það var því alltaf útivera fyrir hádegi nema desember og janúar einkenndust af mikilli inniveru sökum kulda og slæmrar færðar í garðinum fyrir smáa fætur. Í söng- og sögustundum var lögð rík áhersla á málörvun og orðaforða, þ.e. texti var ræddur og orð útskýrð. Eins nýttum við áhuga barnanna á vissum lögum til að fræðast meira um efnið, t.d. Tröllalagið sem var mjög vinsælt vakti upp ýmsar umræður um tröll og við fræddumst þá um hvernig tröllinn verða að steini í sólinni og leika sér úti á nóttunni og þess háttar.

Einnig voru söng- og sögustundir nýttar til að efla hljóðkerfisvitund barnanna, s.s. að ríma og klappa atkvæði í nöfnum barnanna. Hópurinn var kraftmikill og nokkuð um samstuð milli barnanna og því lögð mikil áhersla á að kunna að segja nei og stopp og að virða óskir annarra. Hlutverkaleikur varð meiri og meiri eftir því sem leið á skólaárið og sóttu börnin sér innblástur í hlutverk úr sínu nærumhverfi, t.d. að vera mamman, pabbinn, kisan og eins voru Emil í Kattholti og Lína Langsokkur líka vinsæl hlutverk. Í umbótaáætlun fyrir veturinn var að líða var meðal annars að styðja við sjálfsefningu barna og hvetja þau til að klæða sig í og úr útifötum sjálf. Þegar fór að vora unnum við að þessu markmiði og gekk það mjög vel. Við ætluðum einnig að fara í fleiri vettvangsferðir og var því markmiði líka náð þegar fór að vora og auðveldara var að fara í styttri ferðir um hverfið. Markmiðum um að koma á hlaðborði í matartímunum og að efla allt starfsfólk til að gera skráningar náðust ekki. Börnin á deildinni voru enn mjög ung og þau elstu rétt um 3 ára um vorið og því ákváðum við að bíða með hlaðborðið. Börnin gengu þó alltaf frá eftir sig sjálf. Mikið var um erlent starfsfólk á deildinni og skráningar þar af leiðandi ekki í höndum alls starfsfólksins. Allir starfsmenn voru virkir í að styðja við leik barnanna og hlustuðu á fyrirlestur um leik barna sem var einn þáttur í umbótaáætluninni.

## Umbótaáætlun Lambhóls

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Sjálfs hjálpi í matartímum</b>	Í matartímum og þegar við göngum frá eftir matartíma.	Hvetja þau að leggja orð á athafnir sínar og hafa frumkvæði af því að segja upphátt það sem þeim vantar. Starfsfólk leggur einnig orð á það sem þau gera og eiga samtali við börnin í matartímanum og hvað við erum að gera.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Okt 2023	Júní 2024	Umræðumat á deildarfundum.	Sjá hversu vel gengur í matmálstímunum og taka eftir auknu sjálfstæði þeirra.
<b>Sjálfsþing</b>	Í fataklefanum þegar þau eru að undirbúa sig fyrir útiveru og koma inn eftir útiveru.	Hvetja þau að fara sjálf í og úr útifötum og eins ganga frá þeim sjálf.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Okt 2023	Júní 2024	Umræðumat á deildarfundum.	Aukin geta barna til þess að klæða sig í og úr sjálf sem og aukið trú á eigin getu.

### 4.3 Suðurhlíð

Leikskólastjóri skrifar hér nokkur orð um skólaárið á Suðurhlíð, vegna óvænts leyfis deildarstjóra.

Veturinn 2022-2023 voru 17 börn á Suðurhlíð. 15 fædd árið 2019 og tvö árið 2020. Hópurinn á deildinni var ívið yngri en venjulega og mikil áhersla var því lögð á að efla þau í sjálfshjálpi. Börnin voru hvött til að bjarga sér sem mest sjálf í matartímum og skilaði það sér í betri færni. Þar með gekk matartíminn betur og meiri ró skapaðist. Í fataherberginu gengur nú vel, flest börnin eru farin að klæða sig sjálf í útifötin. Annað markmið var að skapa meiri ramma utan um leik barnanna. Markvisst var unnið að því að búið væri að undirbúa deildina vel áður en börnin komu að morgni. Sá starfsmaður sem mætti fyrstur, fór í að gera spennandi leikefni tilbúið og aðgengilegt fyrir börnin á 4-5 stöðvum. Þannig var komið í veg fyrir hlaupaleiki og ærsl. Þriðja markmiðið var að gefa skráningum meira rými í daglegu starfi. Það gekk ekki nógu vel að finna meiri tíma fyrir skráningar, mikil veikindi voru í starfsmannahópnum í vetur og því oft mannekla. Þar af leiðandi var erfitt að virkja fleira starfsfólk í skráningum.

Mikið var leikið í flæði á Torginu, í samvinnu við Brúarenda. Oftast var það tengt sköpun og hugmyndaauðgi barna og starfsfólks er mikil þegar kemur að flæðinu. Þegar börnin eru spurð hvað sé skemmtilegt í leikskólanum, nefna mörg flæði.

Farið hefur verið í margar vettvangsferðir í vetur, flestar í nágrenni Sæborgar. Einu sinni var farið í strætó niður í bæ, labbað um og farið í Hljómskálagarðinn. Gaman hvað allir eru orðnir flinkir í að labba í hóp.

Á deildinni er lögð áhersla á að gefa leiknum tíma og rými og um svo verða áfram.

## Umbótaáætlun Suðurhlíðar

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Sjálfshjálp</b>	Að auka sjálfstæði barna í daglegum athöfnum, s.s. í fataherbergi og í matartímum.	Að starfsfólk hvetji börnin til að gera sjálf í matartímum og í fataherbergi. Hafa litla hópa í fataherbergi og gefa þeim tíma.	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Sept. 2023	Júní 2024	Umræðumat á deildarfundum.	Meiri færni í daglegum athöfnum.
<b>Leikur</b>	Að starfsfólk verði meðvitaðra um leikinn sem námsleið barna.	Að starfsfólk fái fræðslu og handleiðslu um efnið	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Sept. 2023	Júní 2024	Umræðumat á deildarfundum.	Faglegt starf á deildinni
<b>Skoða hlutverk starfsfólks í leiknum og virkja þátttöku þess</b>	Að starfsfólk verði meðvitaðra um hlutverk sitt í leik barna. Og fróðara um leikinn sem námsleið barna.	Að starfsfólk fái fræðslu og handleiðslu um efnið	Deildarstjóri og starfsfólk deildar.	Sept. 2023	Júní 2024	Umræðumat á deildarfundum.	Meira sjálfsöryggi starfsfólks. starf á deildinni

#### 4.4 Brúarendi

Veturinn 2022-2023 voru 22 börn. Elsta barnið fætt í janúar 2017 og yngsta fætt í desember 2018. Á deildinni voru 4 fastir starfsmenn yfir allan veturinn og því ágætis stöðugleiki í starfsmannahópnum. Veikindi voru þó tíð í leikskólanum og styttingar sem gerði það að verkum að mannekla var oft til staðar.

Í upphafi vetrar var lagt upp með að hver og einn starfsmaður skyldi reyna að finna leið til að fá útrás fyrir sitt áhugasvið. Það sem stóð upp úr í starfsmannahópnum var flæði og vettvangsferðir. Því einkenndist veturinn af tíðum vettvangsferðum elstu barnanna og flæði á torginu.

Einn kennari sem er mikil útivistarkona og náttúruunnandi valdi það hlutverk að sjá um vettvangsferðir. Farið var í tugi ferða, þ.á.m Hvalasafnið, Norðurljósasafnið, Safnahúsið, Listasafn Íslands, Borgarleikhúsið, Árbæjarsafnið, Landnámssýningar, Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Tónleika í Hörpu, Bíó Paradís, Náttúrufræðistofnun Kópavogs, Þjóðleikhúsið, Húsdýragarðinn, Norræna húsið, Þjóðminjasafnið, o.fl. Á meðan fór yngri barnahópurinn í vettvangsferðir í nærumhverfi leikskólans.

Tveir starfsmenn á deildinni unnu áfram með flæðisvinnuna frá því á Suðurhlíð. Á tímabili var flæðið orðið hluti af daglegu starfi deildarinnar. Flæðið var ýmist bara með Brúarenda á torginu eða í samvinnu við Suðurhlíð. Það gaf flæðinu oft aukna dýpt þegar Brúarendabörn fengu torgið alfarið út af fyrir sig. Þá var hægt að hafa hæfilega krefjandi verkefni sem hentar þeirra aldri best, en börnin á Suðurhlíð eru töluvert yngri en elsti barnahópurinn. Börnin voru virkir þátttakendur, bæði í hugmyndaferlinu og við uppsetningu á flæði. Stundum náði að skapast flæðisástand við uppsetningu og þá var ferlið í algjörum forgrunni. Stundum nýttu börnin vettvangsferðir sem innblástur við uppsetningu á flæði. Þannig tókst að samtvinna tvær helstu áherslur vetrarins í eitt. Markmið fyrir næsta vetur er að vinna oftari í þeim anda. Eftir ígrundun síðasta vetrar var lagt upp með að vinna skráningar tengdar flæði og voru nokkrar gerðar. Mikilvægt er að virkja fleiri starfsmenn svo hægt sé að ná enn lengra í skráningavinnu.

Börnin settu sér persónuleg markmið fyrir veturinn sem leið til að hafa bein áhrif á sitt eigið nám. Flest barnanna höfðu ákveðnar hugmyndir um sín markmið. Sumir hafa náð sínum markmiðum á meðan önnur eru enn í vinnslu.

Annað af markmiðum vetrarins var að setja upp samskiptareglur fyrir deildina. Lagðar voru inn kveikjur í samverustundum þar sem stuttar klípusögur um samskipti voru lesnar. Einn daginn, alveg sjálfsprottið í leik, byrjaði eitt barn að teikna upp myndir af því hvernig góðir vinir haga sér. Út frá því voru reglur deildarinnar unnar og teikningar barnanna hengdar upp í augnhæð barnanna.



## Umbótaáætlun Brúarenda

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Skráningar</b>	Að skráningar fái meira rými í daglegu starfi	Hvetja allt starfsfólk til þess að reyna sig í skráningum, taka þátt í ígrundun og læra af henni.	Listasmiðju- stjóri og tengiliður listasmiðju- unnar	Okt. 2023	Júní 2024	Umræðumat á teymisfundum listasmiðjunnar og á deildarfundum. Skráningar og ígrundun	Meiri reynsla við skráningar. Fleiri skráningar í námsbókum barna
<b>Vettvangsferðir og flæði</b>	Dýpka upplifun barna í vettvangs- ferðum með því að vinna úr þeim á skapandi hátt, ýmist í listasmiðju, í flæði eða inni á deild.	Ljósmyndir teknar í vettvangsferðum og hengdar í augnhæð barna. Hugmyndavinna unnin út frá vettvangsferðum fyrir flæði	Verkefna- stjóri vettvangs- ferða og verkefna- stjóri flæðis	Sept. 2023	Maí 2024	Ljósmyndir og skráningar	Fjöldi uppsettra flæða. Skráningar
<b>Sköpun í vettvangsferðum</b>	Skapandi verkefni í vettvangsferðu m. Skógar- og fjörufurðir	Búa börnunum tækifæri til að dýpka sitt nám enn frekar í vettvangsferðum	Verkefna- stjóri vettvangs- ferða og listasmiðju- stjóri	Sept. 2023	Maí 2024	Matsfundir og skráningar	Ljósmyndir og skráningar
<b>Hæglæti</b>	Vera enn meira meðvituð um að hægja á og gefa meira rými og tíma fyrir leikinn og hafa sveigjanleika í dagskipulaginu	Sveigjanleika í dagskipulagi. Gefa börnunum meiri tíma í leik, fataherbergi, matartíma	Deildarstjóri	Sept. 2023	Júní 2024	Dagskipulag og deildarfundir	Matsfundir

## 4.5 Listasmiðja

Skólaárið 2022-2023 var áhugavert og spennandi þróun átti sér stað í listasmiðjunni. Minna starfshlutfall mitt hafði þó áhrif á það hversu lítil viðvera mín var. Fram til mars var ég í 70% starfi en eftir það í 50% starfi. Við sumarlokun 2023 mun ég hætta í Sæborg eftir næstum sautján ára starf sem er talsvert stórt skref fyrir mig. Í stað þess að starfa með börnum flyt ég mig alveg á Menntavísindasvið Háskóla Íslands og styrki leikskólastarf á Íslandi með kennslu þar. Nýr listasmiðjustóri tekur við af mér og setur fram umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Markmið listasmiðju fyrir þetta skólaár voru þrjú: að auka viðveru mína í listasmiðjunni, efla þátttöku barna í gerð skráninga og tengja *Handbókina um skapandi starf* (sem ég skrifaði í fyrra) betur við starf deilda í von um að efla skilning starfsmanna á möguleikum efniviðsins og dýpka sýn þeirra á tjáningarleiðir barna. Þessi markmið náðust því miður ekki nægilega vel. Eins og áður kom fram var viðvera mín minni vegna starfs míns á Menntavísindasviði en þó ég var mun minna í afleysingum sem var gleðilegt. Meiri þátttaka barna við gerð skráninga tókst ekki heldur, aðallega vegna þess að ég hafði mjög lítinn tíma til þess að vinna úr skráningum sökum fjölda þeirra. Markmiðið um að nýta betur *Handbók um skapandi starfi* tókst ekki heldur með skyldi þrátt fyrir ágæta áætlun. Deildarstjórar voru með hugann við önnur mál og tókst því ekki að innleiða þetta í starfið.

Í desember og fram til loka janúar var **listasmiðjan tekin** í gegn og því ekkert hægt að nýta hana þessa tvo mánuði. Gólfíð var brotið upp, settur hiti í gólfíð (sem er dásamlegt), nýr gólfdukur, nýir skápar (sérsmíðaðir), allt málað, nýjar borðplötur og loks nýr fullorðinsvaskur sem rúmar tvö yngri börn í „bað“ eftir sóðalegri verkefni, t.d. málað á bleyjunni. Við erum afar ánægð með listasmiðjuna en verkið tók mun lengri tíma en heldur en okkur var lofað og tók það t.d. nokkrar vikur að fá pípulagningarmennina til þess að tengja fyrir vatnið þrátt fyrir að allt annað væri tilbúið.

Verkefni listasmiðju voru fjölbreytt og mörg. Brúarendabörn unnu skemmtileg verk með aðferð sem kallast **hveitibakik** og vakti mikinn áhuga hjá þeim. Börn á Brúarenda og Suðurhlíð gerðu svo skemmtilegar **klippimyndir** með mismunandi andlitshlutum og tússlitum. Öll börn í leikskólanum léku með **vatn og ljós** við mikla gleði. Yngri börnin **máluðu á bleyjunni** og **leiruðu á bleyjunni** auk þess að leika með **ljós og skugga**. Börnin á Brúarenda unnu svo tvö og tvö saman **leirdýr** sem reyndist vera skemmtilegt og lærdómsríkt verkefni sem reyndi á samvinnu og tillitssemi. **Jólagjafagerðin** heppnaðist vel og voru gjafirnar bæði frumlegar og fallegar. Að lokum unnu börn á Suðurhlíð verkefni með pappír sem ég segi frá hér að neðan.

Þrátt fyrir að hafa ekki haft nægilegan tíma til þess að vinna jafnóðum úr **skráningum** í vetur er ég nú í sumar að ná að klára heilmikið í vor og sumar. Grófleg áætlun gefur til kynna að um 200 skráningar

komi frá listasmiðjunni þetta árið sem er aðeins minna en síðustu ár. Aftur á móti hafa sumar skráningar lengst mjög mikið og innihalda mun fleiri myndir en áður í samræmi við niðurstöður meistararannsóknar minnar sem fjallaði um viðhorf fyrrum Sæborgarbarna (7 – 17 ára) til þeirra skráninga sem settar voru í námsbækur þeirra.

Það var þó tvennt sem kom sérstaklega vel út í listasmiðjunni. Það fyrra var að ég breytti dögnum á því hvenær ég var með hverja deild. Síðustu tvo áratugi hefur hver deild átt sinn vikudag en það reyndist erfitt að koma til móts við það vegna starfs míns á Menntavísindasviði. Þess vegna prófaði ég að hafa Brúarendabörn heila viku í senn, Suðurhlíð eina viku en Lambhóll og Garðar deildu með sér tveimur vikum. Tvennt jákvætt hlaut af þessu – annars vegar kom meiri samfella í verkefni hjá eldri börnunum, þ.e. að ég náði að klára verkefni með þeim á einni viku og hins vegar ég gat sett upp listasmiðjuna, t.d. fyrir „málað á bleyjunni“ og þurfti ekki að taka allt saman eftir hvern dag sem létti vinnuna mína. Hitt framfaraskrefið tengdist **hæglátu leikskólastarfi** (e. slow pedagogy) og hugmyndum um tíma. Í gegnum árin höfum við skilgreint starfið í listasmiðjunni sem gæðatíma, þ.e. streita tengd við tíma á ekki heima í listasmiðjunni. Í vetur gekk ég enn lengra og passaði sérstaklega vel upp á að gefa börnunum ekki óbein skilaboð um að nú væri tími til kominn til þess að hætta heldur leyfði tímanum að líða eins hægt og nauðsyn var. Þetta var sérstaklega áberandi í síðasta verkefninu sem ég vann með börnunum, þ.e. þegar **Suðurhlíðarbörn léku með pappír**. Þá hafði ég sett upp hálfgerða „installation“ með alls kyns pappír og börnin léku og uppgötvuðu pappírinn á algjöru frelsi. Það sem þetta verkefni sýndi okkur var að þriggja og fjögurra ára börn höfðu mikið úthald í leik og voru allt að tvær og hálf klukkustund í **djúpum leik og flæði**. Þetta kveikti hjá mér ýmsar spurningar:

- Hvernig voru kaflaskiptingar í leiknum? Komu örar breytingar?
- Hvernig nýttu börnin rýmið? Höfðu þau mótandi áhrif á rýmið?
- Hvernig var efniviðurinn sem kveikja fyrir leikfléttuna? Hvaða áhrif hafði hann á leikinn? Umbreyttu þau efniviðnum á einhvern hátt? Bauð efniviðurinn upp á margvíslega möguleika?
- Hversu miklar þagnir voru í leiknum/flæðinu? Hvað gerðist eftir þögnina? Kom ný leikflétta/kafla? Þurfti ég að aðstoða börnin við að halda áfram leiknum? Eru þagnirnar hlé á flæðinu eða hluti af flæðinu?
- Hvernig var raddblær barnanna í leiknum? Hefur raddblærinn eitthvað að segja hvort flæði sé að eiga sér stað eða ekki? Getur ákveðinn raddblær látið flæðið hökta?
- Hver eru sýnileg og heyranleg merki um flæði í leiknum? Rödd? Raddtónn? Raddhæð? Óyrt hljóð? Hlátur? Svipbrigði? Augnaráð? Bros? Stórar hreyfingar? Litlar hreyfingar? Endurtekning á hreyfingum, athöfnum og/eða orðum? Taktur? Hliðarskilaboð? Útrás? Ærslaleikur? Hvíld/slökun?

Svo áhrifaríkur var leikurinn að þessar spurningar gætu mögulega verið hugmynd að doktorsrannsókn ef ég kys að fara þá leið í framtíðinni.

Um leið og ég þakka börnum, samstarfsfólki og foreldrum samfylgdina þessi sautján ár og jafnframt óska nýjum listasmiðjustjóra velgengni og gleði í þessu besta starfi í heimi.

Anna Gréta Guðmundsdóttir,  
fyrrum listasmiðjustjóri

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Teymisvinna</b>	Virkja fleira starfsfólk í skapandi vinnu með börnum. Listasmiðjan teygji anga sín enn frekar inn í allt starf leikskólans.	Starfsfólk taki þátt í að móta starf listasmiðjunnar á teymisfundum	Listasmiðjustjóri og stjórnendur leikskólans	Sept. 2023	Maí 2024	Teymisfundir á 2ja vikna fresti og ígrundað hvert næsta skref er hverju sinni	Skráningar og matsfundir
<b>Hæglæti</b>	Skapa börnunum meira rými og tíma fyrir leik og sköpun sem leiðir af sér dýpri þekkingu og sterkari tengsl	Aukin áhersla á verkefni þar sem áhugahvöt barnanna ræður ferðinni. Aðaláherslan á ferlið sjálft.	Listasmiðjustjóri og listasmiðjuteymi	Ágúst 2023	Júlí 2024	Teymisfundir og skráningar	Matsfundir og ígrundun
<b>Fagurfræði leikskólans</b>	Samræma fagurfræðilegt umhverfi leikskólans	Hafa fallett, snyrtilegt, skapandi og örvasandi umhverfi	Listasmiðjustjóri og listasmiðjuteymi	Ágúst 2023	Júlí 2024	Ljósmyndir teknar reglulega af deildum	Matsfundir og ljósmyndir

### Umfjöllun nýs listasmiðjustjóra

Listasmiðjan er hjarta Sæborgar og eign allra Sæborgara. Ósk mín er að hjartað slái í takt við allar deildir leikskólans. Því er eitt markmið listasmiðjunnar að mynda teymi þvert á allar deildir sem listasmiðjustjóri leiðir. Teymið mun funda á tveggja vikna fresti og skipuleggja sig tvær vikur fram í tímann hvað varðar skapandi verkefni inni í listasmiðju, inni á deildum og jafnvel í vettvangsferðum. Teymismeðlimir verða að vera virkir í að innleiða þá hugmyndavinnu inn á deildirnar. Eins verður lögð sérstök áhersla á skráningar og verður þema fundanna í anda skráningafunda sem einkenndu starfið í Sæborg hér áður. Teymið mun, í sameiningu, móta starf listasmiðjunnar með hugmyndir og raddir barnanna í huga.

Í Sæborg er lögð áhersla á umhverfið sem þriðja kennarann og því leggjum við metnað okkar í að skapa fallegt og örvandi umhverfi fyrir börnin. Þá bera meðlimir listasmiðjuteymis ábyrgð á að breyta reglulega umhverfinu inni á deild og prófa nýjar leiðir með falgri framsetningu á efniviðnum. Þá skiptir máli að starfsfólk þekki efniviðinn vel svo hægt sé að skapa kveikjur fyrir börnin og læra með þeim. Þá er mikilvægt að ígrunda hvers konar efniviður er í umhverfinu og hvort hann bjóði upp á opna leið sem býður upp á könnunarleiðangur.

Sköpun rauði þráðurinn í öllu okkar starfi og þá er áherslan á ferlið frekar en afurðina. Þá passar að leggja áherslu á hæglæti í öllu okkar starfi. Við viljum taka mið af takti barnanna, skapa tíma og rými og verkfæri fyrir börnin til þess að kanna. Vera óhrædd við hið ófyrirsjáanlega og passa að gefa okkur ekki fyrir fram hvaða leið verður farin. Það er oft tilhneiging að gefa lokaútkomunni of mikið rými í núinu. Það grefur undan mikilvægi ferlisins í heild sinni. Því er spennandi að sjá hvaða leiðir við í Sæborg munum fara í vetur. Framtíðin er allt í senn spennandi, full af nýjum tækifærum og leiðum til þess að kafa dýpra og víkka þekkingu bæði barna og starfsfólks. Þá verður ferlið í algjörum forgrunni.

Oddný Heimisdóttir,  
verðandi listasmiðjustjóri

## 5 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2022-2023

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b> Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?</p>	<p>Hér í Sæborg eru tvö börn með 8 klukkustunda stuðning á dag. Önnur börn hafa fengið úthlutaðar upphæðir. Stuðningsaðili hefur yfirumsjón með ákveðnu barni í samvinnu við sérkennslustjóra og deildarstjóra. Börn sem fá sérkennslu fara í einstaklingsþjálfun en þau eru líka öll mikið með öðrum börnum í því starfi sem fer fram á deildinni. Einnig fara börnin oft í minni hópa. Skráning fer fram í einstaklingskennslu og einnig er skráð hvernig gengur í leik ADL, félagsfærni og fleira. Notaður er sérstakur viðmiðunarskali en einnig eru notaðar myndir og aðrar aðferðir við skráningu. Áhersla er lögð á að allir á deildinni fá upplýsingar um áhersluatriði hjá hverju barni svo að allir á deildinni séu virkir í þjálfuninni. Þannig vinna allir saman í því að aðstoða barnið við að yfirfæra nám úr einstaklingsþjálfun yfir í almennar aðstæður.</p>
<p><b>Hvaða matsgögn voru notuð?</b> Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>APES, VB-map, TRAS, Hljóm-2, orðaskil og smábarnalistinn/ íslenski þroskalistinn. Notaður er sérstakur viðmiðunarskali þegar metið er hvernig gengur að fylgja markmiðum í einstaklingsáætlun.</p>
<p><b>Hvaða námsefni var notað?</b> Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Við notum bæði aðkeypt og heimatilbúin námsgögn. Bækur, myndir af hlutum, sagnaspjöld, myndaspjöld frá ABC og heimatilbúið efni. Sérstakt efni til fínhyrfi- og grófhreyfi þjálfunar, flokkunar/ pörunarverkefni og ýmislegt fleira.</p>

## Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Markvissari sérkennsla</b>  Kynna betur markmið úr einstaklingsáætlun sem unnið er eftir	Efla markvissari sérkennslu	Viðhalda því að hitta sérkennslu- teymi reglulega	Sérkennslustjóri	Ágúst 2023	Júní 2024	Umræðumat þeirra sem standa að sérkennslu.	Markvissara og sýnilegra endurmat á hæfni.
	Funda með starfsfólki deilda	Sérkennslustjóri mæti á deildarfundum á 6 vikna fresti	Sérkennslustjóri	Ágúst 2023	Júní 2024	Umræðumat þeirra sem standa að sérkennslu.	Markvissara og sýnilegra endurmat á hæfni.

## 6 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í efniskaup.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Starfsfólk er meðvitað um mikilvægi þess að setja orð á alla hluti. Það eru þó mis duglegt að nota <i>Gefðu 10</i> . Fer inn í umbótaáætlun.
Er markvissst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Daglegar samverustundir eru á öllum deildum þar sem er m.a. lesið og sungið.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Erum að byrja að nota <i>Hæfniramma í íslensku</i> .
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Starfsfólk er meðvitað um mikilvægi allra þátta máls og læsis í víðum skilningi

### Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

<b>Málstefna</b>	Að gefa út málstefnu Sæborgar	Fá handleiðslu frá Miðju máls og læsis um gerð málstefnu.	Að íslenska sé samskiptamál í leikskólanum.	Sept. 2023	Júní 2025	Reglulegt umræðumat meðal starfsfólks, barna og foreldra fjöltyngdra barna.	Málstefna Sæborgar
<b>Hæfniramar í íslensku</b>	Efla markvissa málörvun fjöltyngdra barna.	Nýta hæfniramma til að kanna stöðu fjöltyngdra barna í íslensku og tryggja markvissari málörvun.	Leikskólastjórar	Sept. 2023	Mái 2024	Virkni í notkun hæfniramma skoðuð.	Auknar framfarir í íslensku hjá fjöltyngdum börnum.



## 6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Leikskólastjóri hélt starfsþróunarsamtöl með öllu starfsfólki á tímabilinu desember til janúar. Það er mjög nauðsynlegt og skemmtilegt að gefa sér tíma til að setjast niður með öllu starfsfólki og heyrast hvað því liggur á hjarta.

### Fyrirlestrar fyrir starfsfólk:

- Sara Margrét Ólafsdóttir, dósent í menntunarfræði ungra barna, hélt fyrirlestur um leik barna.
- Kristín Hildur Ólafsdóttir, verkefnastjóri sköpunar og skapandi kennsluhátta, hélt fyrirlestur um Menntastefnuna.
- Anna Gréta Guðmundsdóttir, listasmiðjustjóri og verkefnastjóri í leikskólafræði, hélt fyrirlestur um yngstu börnin í leikskólanum.
- Guðrún Snorradóttir, markþjálfari, hélt fyrirlestur um farsæl samskipti.
- Martin Pace, fyrrverandi leikskólastjóri í Brighton, sá um námskeiðsdag fyrir starfsfólk Sæborgar um starfið í Reggio Emilia skóla sem hann stýrði.

Farið var í námsferð til Brighton í lok maí. Þar skoðuðum við þrjá leikskóla og fengum fræðslu frá áðurnefndum Martin Pace. Sá hluti hópsins sem fór ekki í ferðina, skoðaði tvo leikskóla í Reykjavík.

Síðasti skipulagsdagur skólaársins var haldinn í Brighton, þangað sem við fórum í námsferð.

### Námskeið

- Leikskólastjóri sótti nokkur námskeið á skólaárinu; m.a. í 50 skills ráðningarkerfinu, Vinnustund og Völu.
- Þrír starfsmenn fóru á námskeið um hegðunarvanda barna.
- Fjórir starfsmenn fóru á íslenskunámskeið á vinnutíma, einu sinni í viku í tæpa 6 mánuði.
- Allir nýjir starfsmenn fengu nýliðafræðslu frá leikskóla- eða aðstoðarleikskólastjóra.
- Einn starfsmaður fór á skráningarnámskeið á vegum Ráðgjafar og greiningarstöðvar.
- Einn starfsmaður fór á APES námskeið.
- Þrír starfsmenn sóttu morgunverðarfund RannUng um hæglátt leikskólastarf.

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Eins og fyrri ár vorum við í samstarfi við Melaskóla. Elstu börnunum var boðið í heimsókn þangað í vor og fóru þá líka í frístundamiðstöðina Selið.

Á fjárfundi leik- og grunnskólastjóra með fagstjórum Vesturmiðstöðvar, var í fyrsta sinn tekin sameiginleg ákvörðun um þrjá samræmda starfsdaga í hverfinu. Þessi fundur gekk mjög fljótt og vel fyrir sig.

## 8 Foreldrasamvinna

Foreldraráð Sæborgar er skipað þremur einstaklingum. Foreldrafélag er starfrækt við leikskólann og eru fimm foreldrar í stjórn sem kosið er í á aðalfundi þess, hvert ár. Foreldrafélagið greiddi fyrir og sveinka og gjafir frá honum á jólaballinu. Einnig stóð það fyrir sumarhátíð núna í júní þar sem m.a. Páll Óskar kom fram, við mikinn fögnuð viðstaddra.

## 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Mánudagur 21. ágúst (eins og Melaskóli)  
Föstudagur 29. september (eins og Melaskóli)  
Föstudagur 3. nóvember  
Þriðjudagur 6. febrúar  
Þriðjudagur 2. apríl (eins og Melaskóli)  
Föstudagur 17. maí (eins og Melaskóli)

F. h. leikskólans Sæborgar,

Hafdís Svansdóttir  
Leikskólastjóri

04.07.2023

## 10 Fylgigögn

### 10.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs

Vesturbær, 3.júlí 2023

#### **Efni: Umsögn foreldraráðs Sæborgar um starfáætlun 2023-24**

Foreldraráð vill byrja á því að þakka fyrir gott leikskólastarf sem og samstarf á því starfsári sem er að líða. Foreldraráð vill jafnframt hrósa stjórnendum og öðru starfsfólki fyrir mjög svo metnaðarfullt innra mat skólans og umbótaáætlun sem er að finna í starfsáætlun. Einnig vilja fulltrúar foreldraráðs lýsa ánægju með að vel hafi verið tekið í þær ábendingar sem fram komu í umsögn við starfsáætlun síðasta árs. Eftirfarandi er umsögn foreldraráðs um starfsáætlun Sæborgar fyrir starfsárið 2023-24. Foreldraráð fagnar auknum samskiptum á milli leikskóla og heimila sem hafa verið áberandi þetta árið. Bæði hefur heimsóknum forráðamanna í skólann sem legið hafa niðri vegna Covid fjölgað en einnig hefur upplýsingagjöf til forráðamanna aukist. Þó má benda á að enn vantar aðgengilegan vettvang fyrir forráðamenn til að nálgast ákveðnar upplýsingar svo sem skóladagatal, hverjir sitja í stjórnnum og ráðum, matseðla, tilkynningar um starfsdaga o.fl.. Það var von foreldraráðs að Völuappið gæti haldið utan um slíkar upplýsingar en svo virðist ekki vera eða ekki hefur verið reynt á það. Það er því vilji og ósk foreldraráðs að áfram verði leitað lausna á þessu hvort sem er með betri nýtingu á Völuappi eða með öðrum leiðum svo auðvelt verði fyrir forráðamenn að nálgast upplýsingar. Einnig vill foreldraráð hvetja til enn meiri upplýsingagjafar svo sem þegar starfsmenn hætta eða nýir koma til starfa og þá áður en það gerist en ekki eftir á. Hugmyndafræði Reggio Emilia sem Sæborg byggir sitt starf á mætti síðan gjarnan kynna betur og hvernig hún er fléttuð inn í starfið.

Nýir verkferlar sem teknir voru upp þegar loka þurfti deildum vegna manneklu reyndust heimilum barnanna vel. Að bregðast við því með stuttum og oft engum fyrirvara að þurfa að hafa barn heima í hálfan dag er mun viðráðanlegra en í heila daga líkt og gerðist nokkuð oft á síðasta starfsári og var verið mjög íþyngjandi fyrir heimilin. Foreldraráð hvetur til þess að áfram verði unnið með þessa verkferla ef svo fer að áfram þurfi að bregðast við manneklu með lokunum næsta skólaár. Mikil ánægja var síðan með þá ákvörðun skólastjórnenda í Vesturbæ að samræma hluta starfsdaga skólanna og óskar foreldraráð eftir að svo verði áfram.

Fundir á vegum skólans hafa verið misvel sóttir. Deildarfundi sem haldnir eru að hausti hafa forráðamenn þó fjölmennt á og telur foreldraráð tilvalið að nýta þann vettvang enn betur, bæði til að kynna starfsfólk, skólann og starfsemina en einnig gefst þarna vettvangur til að kynna foreldrastarf.

Þessir fundir þurfa að fara fram um leið og tekið hefur verið inná deildir í upphafi skólaárs svo að þeir sinni sínum tilgangi sem best. Sumarhátíð á vegum foreldrafélagsins sem og sveitiferð tókust stórvel og var mikil ánægja með hvort tveggja, ekki öll börn sem fá Pál Óskar í heimsókn á leikskólann sinn. Foreldraráð gerir sér þó grein fyrir og þekkir á eigin skinni hvað mikil vinna er þar að baki og oftast ekki á herðum fárra. Það er trú foreldraráðs að aukin kynning á foreldrasamstarfi leiði til þess að fleiri verði tilbúnir til að leggja hönd á plóginn.

Foreldraráð hvetur áfram til góðra samskipta sem eru lykill að farsælu starfi og því er mikilvægt að náíð samstarf og gagnkvæmt traust skapist milli heimilis og leikskóla. Foreldraráð bindur vonir við endurreisn foreldrastarfs sem Heimili og skóli í samstarfi við SFS kynntu nú í vetur og byggir á samningi Heimilis og skóla og Mennta- og barnamálaráðuneytinu ásamt farsældarsáttmála sem stefnt er að því að tekinn verði upp. Foreldraráð hvetur til þess að allir starfsmenn skólans auk forráðamanna fái kynningu á þessu starfi sem er lykill að því að vel takist til. Að lokum vill foreldraráð þakka Önnu Grétu fráfarandi listasmiðjustjóra til margra ára fyrir frábært starf og gaman verður að sjá hvernig Oddný arftaki hennar mun leiða starfið áfram.

Foreldraráð Sæborgar

Elín Þórisdóttir  
Guðrún Arna Gylfadóttir  
Trausti Þorgeirsson

# 10.2 Fylgiskjal 2 - Leikskóladagatal

**Leikskóladagatal 2023 - 2024**

Nafn skóla: Sæborg


	AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUÁR	MARS	APRIL	MÁI	JUNÍ	JULÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 L	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 S	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 Þ	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 Þ	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 Þ	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F	7 L	7 F	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 F	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 L	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 S	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 F	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 Þ	12 S	12 F	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 M	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 F	14 S	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 M	15 F	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L	16 M	16 L	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 S	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F	18 M	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 F	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 Þ	19 S	19 M	19 F	19 S	19 M	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 Þ	21 F	21 L	21 F	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 F	22 S	22 S	22 M	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 L	23 F	23 L	23 F	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 M	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 F	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 M	26 S	26 F	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L	28 F	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 Þ	28 F	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 F	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 M	30 F	30 L	30 Þ	30 L	30 L	30 F	30 F	30 S	30 Þ
31 F	31 Þ	31 F	31 Þ	31 M	31 S	31 M	31 S	31 S	31 F	31 F	31 F	31 M

**Í reglum um leikskólabjónustu segir:**  
 Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagðs, þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfisdagar starfsfólks eða frídagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfisdagar starfsfólks eða frídagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en þrjú þeirra skulu vera á sama tíma og starfisdagar starfsfólks eða frídagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum. Leikskólagöld láta ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavírborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólafjórði ákveður, að hófu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða lokað samfellt í tíu til tuttugu virka daga.

## 10.3 Fylgiskjal 3 -Foreldrakönnun SFS, hluti af niðurstöðum

### - Meðalskor spurninga er varðar barnið og starfið

Meðalskor spurninga er varða barnið og starfið



Barninu mínu líður vel í leikskólastarfinu

Barnið mitt hefur aðgang að skapandi efnivið til að vinna verkefni í leikskólanum

Barnið mitt á góða félaga/aðlagast vel í barnahópnum

Starfsfólkið styður barnið mitt vel í leikskólastarfinu

Ég er ánægð/ánægður með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið

Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins


Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum

Barnið fær tækifæri í leikskólastarfi síns leikskóla til að skapa verk/verkefni frá grunni

Starfsfólkið þekkir þarfir barnsins míns

### - Meðalskor spurninga er varðar foreldra og starfið

Meðalskor spurninga er varða foreldra og starfið



Ég fæ greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólastarfið

Ég hef tekið þátt í að meta framfari barnsins

Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins

Ábendingum mínum er vel tekið

Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu

Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum


Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum.

-Aðeins um niðurstöðurnar. Þarna eru 2 gular súlur, þetta eru spurningar sem oft er merkt við: hvorki-né. Margir foreldrar þurfa e.t.v. ekki mikið að leita eftir slíkum ráðum. Varðandi að leita eftir hugmyndum og tillögum frá foreldrum, þá er starfsfólk í Sæborg hugmyndaríkt þegar kemur að daglegum verkefnum með börnunum, en mögulega gætum við leitað meira til foreldra varðandi ýmislegt annað.

## Starfsmannakönnun Reykjavíkurborgar 2023


### Helstu niðurstöður - Þættir

#### Leikskólinn Sæborg




### Helstu niðurstöður - Fimm hæstu og lægstu einkunnir

#### Leikskólinn Sæborg



#### Leikskólinn Sæborg



Athugið að hér er eingöngu um að ræða spurningar sem eru hluti af þáttunum sem tilheyra Stofnun ársins. Aðrar spurningar geta því verið með hærrí eða lægri einkunnir.

## **Flæði á Torgi - Rýnihópur barna (8 börn úr elsta árgangi, tveir hópar)**

**1-Hvað er flæði?** Að leika sér á Torgi, alls konar í gang t.d. kaðlar, dýrin, tónlist.

Það er svona að leika og föndur. Mér finnst skemmtilegt að lita og föndra.

**2-Hver býr til flæðið?** Oddný en ekki alltaf, stundum Gígja og stundum Jolanta. Oddný, kennararnir, Gígja og stundum Hafdís og líka Fríða...en hún er hætt. Hún lofaði samt að koma í heimsókn.

**3-Hvernig koma hugmyndirnar?** Frá kennurunum, stundum okkur. Hugmyndirnar koma frá heilanum. Frá mömmu, rólur sitja í rólu.

Stundum koma hugmyndirnar heima og við segjum þær við kennarann.

Það er kannski svona þema og þá langar okkur t.d. hafa strætó eða flugvélastrætó eða þyrlu, það er mjög gaman. Við krakkarnir erum að segja hvað okur langar.

**4-Hvað er flæðið lengi? /finnst ykkur það vera nógu lengi eða er það of stutt?**

Í svona eina klukkustund. Já það er nógu lengi.

Stutt ! Nei það er ekki lengi, viljum hafa það lengur.

**5-Hver ákveður hvað flæðið er lengi?** Kennarar. Bara Hafdís eða eitthvað, oftast kennararnir sem búa til flæðið.

**6-En ef þið fáið hugmyndir, segið þið það við kennarana? og hlusta þeir á ykkur?** Já já, við fáum líka hugmyndir segjum það og Kennararnir hlusta á okkur.

**7-Hvernig líður þér/ykkur meðan þú ert í flæði?** Mér finnst gaman. Stundum líður mér skringilega.

**Kennari spyr: Skringilega en vel ?** líka leið. Ræddum hvort hún segði kennara frá ef leið. Nei stundum vil ég vera leið sem leyndó.

Bara vel.

**8-Er eitthvað sem þið mynduð vilja hafa öðruvísi/breyta?**

Nei takk. Já hafa flæðið lengur! gera flugvél uppi og strætó niðri, svona fast saman

**9-Fáið þið að ákveða?** Já fáum t.d. að ákveða hvort við förum í flæði eða erum bara inni. Já !



